

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, miðvikudaginn 31. maí kl. 9:00 var haldinn 336. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Valgarður, Guðveig og Vala tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans mættu til fundarins ásamt fulltrúum Arion banka, þeim Helgu Láru Hauksdóttur, Jóhanni Einarssyni, Þorsteini Helga Valssyni og Þórði Ólafi. Fulltrúar Arion banka lögðu fram og kynntu bréf til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og Ljósleiðarans, dags. 30. maí 2023 um ráðgjöf Arion banka hf. varðandi aðferðafræði við sölu á 33,3% eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur í Ljósleiðaranum ehf. (TRÚNAÐARMÁL) og svöruðu spurningum stjórnarfólks. Umræður. Einnig voru kynnt dæmi um sölufærli innviðafyrirtækja.

Fulltrúar Arion banka yfirgáfu fundinn kl. 10:25.

Formaður stjórnar leggur til að farið verði að ráðgjöf Arion banka og stefnt að lokuðu útboði og langtíma fjárfestum sem tengjast almannahagsmunum og aðilum, sem hafi til að bera reynslu og þekkingu, sem nýtist Ljósleiðaranum sérstaklega, verði boðið að gera tilboð. Stefnt verði að dreifðu eignarhaldi meðal væntanlegra hluthafa. Megin markmið hlutafjáröflunarinnar er að afla hins nýja hlutafjár á sem hæstu verði og með eins opnum og gegnsæjum hætti og unnt er. Tillagan verði kynnt eigendasveitarfélögum áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Helgasonar, Þórðar Gunnarssonar og Valgarðs Lyngdal Jónsson.

Ragnhildur Alda Vilhjálmssdóttir greiðir atkvæði gegn tillögunni og óskar bókað:

*Undirrituð getur ekki tekið undir með samstjórnarmönnum af eftirfarandi ástæðum: Strax í upphafi ferilsins kom fram að þörf væri á að eigendur og stjórnarmenn tilgreindu hvaða markmið lægi til grundvallar við val á aðferðafræði hlutafjárútboðsins. Ekki átti sér stað sérstök umræða um það að hálfu eigenda önnur en að greiða niður skuldir og fjármagna vegferðina fram undan. Því óskaði undirrituð eftir því á síðasta fundi stjórnar OR að stjórn myndi samþykka að aukafundur yrði haldin með eigendum til að skýra þessi markmið. Enda er munur á því annars vegar að kynna fyrir eigendum fyrir fram ákveðna niðurstöðu sem byggir á ákveðnum forsendum um markmið og gögnin taka þá mið af í þágu þess að rökstyðja þá niðurstöðu, og því hins vegar að eigendur komi að borðinu í upphafi ákvörðunartökuferlisins og skýri hvaða forsendur eigi að stýra gagnaöflun í málinu og byggja hina endanlegu ákvörðun á. Ekki reyndist vera vilji til þess meðal stjórnar. Að auki barst undirritaðri mikilvægt gagn í málinu seint í gærkvöldi sem ákvörðunin í dag tekur mið af og gafst því lítið færi á að kynna sér gagnið almennilega fyrir fundinn.*

*Hitt er það að þegar kemur að þeirri ákvörðun að hafa útboðið lokað frekar en opið almenningi og þar með eigendum fyrirtækisins, að þá er það skoðun þeirrar sem skrifar að þegar kemur að sölu á innviðum í eigu almennings ætti sú sala einnig að standa almenningi til boða. Mætti slíkt teljast til sjálfsagðar kröfu. Hér er þó verið að leggja til lokaðs útboðs og því er verið að útiloka almenning frá þátttöku auk þess sem ekki stendur til að hleypa almenningi að borðinu nokkurn tímann. Byggir sú ákvörðun helst á áliti þess efnis að slíkt sé líklegast til að ná fram sem hagstæðustu kjörum en einnig að þá sé hægt að velja hluthafa sem þykja ákjósanlegir. Undirritaðri þykir ekki liggja fyrir nægilega sterk gögn um að herra verð fáiast í lokuðu útboði til að réttlæta útilokun almennings frá þátttöku, raunar sé hægt að sýna fram á að hérlendis sé ekki hægt að fullyrða um lokuð útboð skili sér í herra verði á hlut frekar en opin útboð. Að auki bendir undirrituð á að ekki hefur farið fram formleg umræða af hálfu stjórnar né eigenda til að ákveða hvað telst vera þá þóknanlegur hlutafjäreigandi í augum stjórnar eða eigenda, sem hlýtur að eiga vera mikilvæg forsenda í því að vilja útiloka þátttöku almennings.*

Þórður Gunnarsson óskar bókað:

*Ef vilji eigenda stendur til þess að selja eignir OR að hluta eða í heild, er frumskylda stjórnar fyrirtækisins að velja leiðir til þess sem gagnast fyrirtækinu sem mest og hámarka fjárhagslegan ávinning allra hlutaðeigandi. Allt bendir til þess að lokað fagfjórfaútbod sé skynsamlegasta leiðin til að uppfylla þá skyldu. Lokuð fagfjórfaútbod við sölu opinberra eigna hafa hingað til gefið góða raun hér á landi með tilliti til hámarksverðmæta. Lítil ástæða er til að íhuga aðrar aðferðir en ofangreinda, þar sem kostnaður yrði hærri og allar líkur á að töluvert lægra verð fengist.*

Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Helgason og Valgarður Lyngdal Jónsson taka undir bókun Þórðar og óska bókað:

*Undirrituð telja að lokað útboð til fagfjórfaútboda sé vænlegasta leiðin til að auka hlutfé Ljósleiðarans og þannig styrkja fjárhagslegan grundvöll fyrirtækisins til framtíðar. Sú leið er í senn skilvirk, hagkvæm með tilliti til kostnaðar og tíma og þjónar best hagsmunum fyrirtækisins. Sérstaklega verði horft til langtíma fjórfaútboda sem hafa almannahagsmuni að leiðarljósi og aðila sem hafa til að bera reynslu og þekkingu sem nýtist Ljósleiðaranum sérstaklega. Stefnt verði að dreifðu eignarhaldi meðal væntanlegra hluthafa. Meginmarkmið verði að afla nýs hlutafjár á sem hæstu verði með opnum og gagnsæjum hætti.*

*Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Helgason og Valgarður Lyngdal Jónsson.*

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 11:30.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. júní 2023.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Lind Eygóardóttir.